

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. mars 2012
Tilvísun: UST20120300144/bs

Lagning jarðstrengs meðfram virkjanavegi á milli Þeistareykja og Húsavíkur. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 14. mars sl. þar sem óskað er eftir að Umhverfisstofnun gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Hér er um að ræða lagningu jarðstrengs í tveimur áföngum frá Þeistareykjum að Húsavík. Í fyrri áfanga verður strengurinn lagður í virkjunarveg frá Höfuðreiðarmúla að Þeistareykjum. Þessi kafla er um 12,2 km að lengd. Í síðari áfanganum verður jarðstrengur lagður frá Höfuðreiðarmúla að Húsavík, um 20 km leið. Ef framkvæmdir á veginum verða samtímis lagningu jarðstrengsins verður strengurinn lagður í veginn. Verði jarðstrengurinn lagður síðar verður hann lagður í vegöxl.

Í kynningarskýrslu segir m.a. um væntanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar: "*Lega jarðstrengs miðast við að hún valdi ekki raski á umhverfinu umfram það sem verður vegna virkjunarvegna.*"

Umhverfisstofnun telur að þar sem jarðstrengurinn verði lagður í virkjunarveg og vegöxl verði áhrif lagningar strengsins vart greind frá þeim áhrifum sem vegagerðin mun hafa í för með sér.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd sem slík muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri


Björn Stefánsson